LÁNAMÁL RÍKISINS
Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
Reykjavík, 22. mars 2017

UPPKAUP RÍKISBRÉFA
RIKH 18 1009

Ákveðið hefur verið að halda ekki útboð á ríkisbréfum föstudaginn 24. mars 2017. Þess í stað verða uppkaup kl. 10:30 til 11:00 með tilboðsfyrirkomulagi. Ríkissjóður býðst til að kaupa til baka óverðtryggð bréf í flokknum RIKH 18 1009 sem er með lokagjalddaga 9. október 2018. Tilgangur uppkaupanna er að minnka stærð flokksins sem nú er um 172 ma.kr. og draga þar með úr endurfjármögnunaráhættu ríkissjóðs á lokagjalddaga flokksins.

Heildarfjárhæð samþykktra tilboða getur orðið allt að 10.000 milljónir króna en niðurstaðan verður tilkynnt að loknum uppkaupum.

Lánamál ríkisins áskilja sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta þeirra eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í uppkaupunum en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Uppkaupunum verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast á innsendum verðum (e. multiple price auction method). Að öðru leyti er vísað í uppkaupsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudagurinn 29. mars 2017.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins, í síma 569 9633.